

**AÐALFUNDUR FÉLAGS FORNLEIFAFRÆÐINGA**  
**HALLVEIGARSTÖÐUM, 22. OKTÓBER 2021 KL. 17:30**

Dagskrá aðalfundar Félags fornleifafræðinga var eftirfarandi:

1) *Kosning fundarstjóra og ritara*

**Hólmfríður Sveinsdóttir**, fráfarandi varamaður, var kjörin fundarstjóri og **Sigrún Hannesdóttir**, ritari, var kjörin fundarritari.

2) *Nýir félagar samþykktir*

Aðalfélagar:

Anna Lía Guðmundsdóttir

Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir

Kristjana Vilhjálmisdóttir

Snædís Sunna Thorlacius

Sigurður Snæbjörn Stefánsson

Védís Eir Snorradóttir

Aukafélagar:

Brynja Árnadóttir

Kári Hersteinsson

Kristrún Kristinsdóttir

Laufey Kristjánsdóttir

Lára Janusdóttir

Margrét Rós Svansdóttir

Mikael Bjarni Gunnarsson

Oddur Mar Árnason

Sigríður G. Björgvinsdóttir

Valdimar Friðrik Jónatansson

### 3) Skýrsla liðins árs

Gylfi Björn Helgason, formaður, sagði frá helstu verkefnum sem félagið hefur staðið fyrir síðasta ár og það sem framundan er

- **Hádegisfyrirlestraröð vorarinnar 2021** var haldin í gegnum Zoom vegna faraldursins. Tækifærið var nýtt til þess að fá nokkra erlenda fræðimenn til þess að halda erindi. Fyrirlestraröðin gekk að öllu leyti vel.
- Í vor var **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sent bréf** þar sem félagið lýsti yfir áhyggjum yfir lágum framlögum til Fornminjasjóðs. Ekkert svar fékkst. Á næstu mánuðum, þegar ný ríkisstjórn hefur verið mynduð, er stefnt á að fá fund með Fjárlaganefnd til þess að kynna Fornminjasjóð.
- Í vor fundaði Gylfi, fyrir hönd félagsins, með ráðgjafa frá fyrirtækinu Stratagem vegna **stefnumótunar fyrir fornleifarannsóknir og verndun fornleifa og byggingararfs**, undir forystu Minjastofnunar. Þar ræddi hann m.a. stefnuleysi Minjastofunnar í sambandi við minjaverði og Fornminjasjóð.
- Nú í haust var hafist handa við gerð **leiðarvísa um vinnuvernd**, bæði við úti- og innivinnu, og stefnt er á að útbúa fleiri leiðarvísa um varðveislu stafrænna gagna og um viðbrögð við kynferðislegri áreitni og ofbeldi.
- Loks voru gerð drög að **samningi við ritstjóra Ólafíu**.
- Framundan er árlegt **Málþing til heiðurs Dr. Kristjáns Eldjárns, 6. desember**. Þemað í ár verður *hamfarir* og stefnt er á að fá fleiri en fornleifafræðinga til að taka þátt, s.s. sagnfræðinga, jarðfræðinga, bókmenntafræðinga. Óskað verður eftir erindum á næstu vikum. Vonast er til þess að við fáum að nota fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins fyrir málþingið eins og undanfarin ár.
- **Óskað verður eftir erindum fyrir hádegisfyrirlestraröð vorannar 2022** rétt fyrir eða eftir áramót. Stefnt er á að fyrirlestraröðin fari að mestu fram í sal en að nýta áfram upptökur og fjarskiptabúnað í bland svo hægt verði að bjóða erlendum fræðimönnum að taka þátt aftur.
- Næsta vor verður haldinn **aukaaðalfundur**. Þar mun félagið kalla eftir umræðu um kröfur vegna veitingu leyfa til uppgrftar og skráningar.

### 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og Ólafíu

Gylfi kynnti eftirfarandi uppgjör.

<b>Uppgjör Félags fornleifafræðinga 2021</b>	
Staðan 30. September 2021	
Unnið af Jakobi Orra Jónssyni, gjaldkera	
Skoðað af Albínu Huldu Pálsdóttur og Lilju Laufey Davíðsdóttur	
<b>Rekstrartekjur</b>	
Innvextir	233
Innheimt félagsgjöld fyrir 2020 eftir uppgjör	362,000
Innheimt félagsgjöld 2021	368,000
<b>Samtals</b>	<b>730,233</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	
Fjármagnstekjuskattur	51
Innheimtu- og þjónustugjöld	24,167
Aðalfundur 2020	2,123
Aðalfundur 2021	75,000
Gjöld vegna skjalavörslu	19,622
Gjöld vegna vefsíðu	32,589
<b>Samtals</b>	<b>153,552</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>576,681</b>
<b>Inneign í upphafi tímabils</b>	<b>304,954</b>

Helga Jónsdóttir fór yfir eftirfarandi uppgjör Ólafíu. **Ath. að á glærusýningu á fundinum birtust rangar tölur en Helga kynnti rétt uppgjör sem er birt hér.**

5) *Kosning stjórnar*

Óskað var eftir framboðum í embætti **varaformanns, gjaldkera, meðstjórnanda og þriggja varamanna**.

Eftirfarandi aðilar gáfu ekki áframhaldandi kost á sér í stjórn félagsins: **Jakob Orri Jónsson** (gjaldkeri), **Ármann Dan Árnason** (varaformaður), **Atli Rúnarsson** (meðstjórnandi), **Hólmfríður Sveinsdóttir** (varamaður).

**Ómar Valur Jónasson** lét af embætti varamanns og bauð sig fram til varaformanns.

Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

**Ómar Valur Jónasson** var kjörinn varaformaður

**Almar Smári Óskarsson** var kjörinn gjaldkeri

**Snædís Sunna Thorlacius** var kjörin meðstjórnandi

**Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir** var kjörin varamaður

**Svavar Nielsson** var kjörin varamaður

**Inga Sóley Kristjónudóttir** var kjörin varamaður

6) *Kosning endurskoðanda*

**Albína Huld Pálsdóttir** var kjörin endurskoðandi

7) *Kosning í siðanefnd*

**Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir** var kjörin í siðanefnd

8) *Ritstjóri og ritnefnd Ólafíu kosin*

- Gylfi kynnti þá hugmynd að unnið yrði að fleiri en einu Ólafíuhefti í einu, svo að útgáfan stöðvist ekki þegar einu hefti seinkar.
- Gylfi kynnti næst hugmynd hans, Hólmfríðar og Sigrúnar að þema fyrir hefti Ólafíu, um **fornleifafræði tilfinninga og skynjunar**. Sú tillaga var samþykkt og **Gylfi, Hólmfríður og Sigrún kjörin ritstjórar**. Ekki verður beðið eftir að eldri ritstjórnir klári sín hefti heldur verður hafist handa þegar í stað.
- Loks var rætt um þá hugmynd að Ólafíusjóðir greiði höfundum laun vegna ritstarfa fyrir tímaritið. Bent var á að ritstjórum væri raunar heimilt að ráðstafa greiðslum sem þeir semja um frá sjóðnum til þessa, enda hefur t.a.m. tíðkast að þýðendur greina í Ólafíu fá greitt fyrir störf sín.

9) *Ákvörðun félagsgjalda*

Stjórnin lagði til að félagsgjöld héldust **óbreytt félagsgjöld** og var það samþykkt.

10) *Tillögur að lagabreytingum*

Stjórnin lagði fram eftirfarandi lagabreytingartillögur:

8 gr. „7) Kosnir endurskoðendur (annað hvert ár)“ Verður „7) kosnir **skoðunarmenn reikninga** (annað hvert ár)“

11. gr. „Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi með tveimur þriðju greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins a.m.k. tveimur vikum áður en boðið er til aðalfundar sbr. 8. gr. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í fundarboði. 12. gr. [...]“ Verður „Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi með tveimur þriðju greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytinga skulu hafa borist stjórn félagsins **a.m.k. einni viku** áður en boðið er til aðalfundar sbr. 8. gr. **Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar skriflega til félagsmanna viku fyrir aðalfund** [...]“

Báðar tillögur voru samþykktar.

11) *Önnur mál*

Engin önnur mál voru borin upp á fundinum.

Fundi var slitið kl. 18:19.